

Nd.

647. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 30. júní 1942, um breyt. á l. nr. 26 13. jan. 1938, um bændaskóla

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. þetta er flutt í háttv. Ed. Landbúnaðarnefnd þeirrar deildar hefur tekið frv. til rækilegrar athugunar og leitað um það umsagnar Búnaðarfélags Íslands. Auk þess birti meiri og minni hluti nefndarinnar álit nefndar þeirrar, er stjórn Búnaðarfélagsins skipaði til þess að gera tillögur um stað fyrir bændaskóla Suðurlands. Landbúnaðarnefnd Nd. hefur nú fengið mál þetta til meðferðar. Eftir að hafa athugað frv. og þau gögn, er því fylgja, samþykkti meiri hluti nefndarinnar að mæla með, að frv. yrði samþykkt óbreytt eins og það kom frá Ed.

Einn nefndarmanna (BÁ) sat hjá við atkvæðagreiðslu og lýsti því yfir, að eins og nú væri komið, mundi hann engin afskipti hafa af afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. des. 1944.

Bjarni Ásgeirsson,	Jón Pálmason,	Jón Sigurðsson,
form.	fundaskr.	frsm.
Sigurður Guðnason.	Barði Guðmundsson.	